



20. stjórnarfundur LH
1. desember 2021 kl. 17:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Ómar Ingi Ómarsson, Lilja Björk Reynisdóttir og Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Siguroddur Pétursson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Einar Gíslason og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 17., 18. og 19. fundar
2. Beiðni um álit laganefndar á dómsúrskurði ÍSÍ nr. 6/2021 (frá keppnisnefnd)
Keppnisnefnd óskar eftir álit laganefndar um hvort breyta þurfi reglum varðandi agabrot með vísan í dóm ÍSÍ nr. 6/2021. Þá er einnig óskað eftir álit laganefndar á dómsorðum; hvort dómstóll ÍSÍ hafi felld niður allt keppnisbannið eða einungis þær tvær vikur sem aganefnd LH úrskurðaði til viðbótar.
Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir álit laganefndar.
3. Beiðni um álit laganefndar á túlkun keppnisnefndar á gr. 7.7.2 (frá GDLH)
Í kafla um gæðingakeppni í reglum LH, gr. 7.7.2 segir: „keppandi í barna- unglinga og ungmennaflokkum má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur“. Túlkun keppnisnefndar er að þessi regla gildi bæði um gæðingakeppni og íþróttakeppni á sama móti. Formaður GDLH óskar eftir álit laganefndar á þessari túlkun keppnisnefndar.
Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir álit laganefndar.
4. Mótamál í víðu samhengi – skipun starfshóps
Á formannafundi 2021 funduðu formenn um framtíðarsýn mótahalds. Miklar umræður urðu í hópnum og ákveðið var að halda þeirri umræðu áfram með það að markmiði að skila tillögu um framtíðarsýn mótahalds á Landsþingi 2022. Lagt er til að skipa starfshóp um mótahald í víðu samhengi og eftirfarandi verði boðin þátttaka:
Fulltrúum úr stjórn LH
Fulltrúa keppnisnefndar LH
Fulltrúa landsliðsnefndar LH
Formenn hestamannafélaga sem hafa haldið Íslandsmót og Landsmót undanfarin ár (Skagfirðingur, Borgfirðingur, Geysir, Sprettur, Fákur)
Framkvæmdastjóra Landsmóts 2022
Fulltrúa frá HÍDÍ
Fulltrúa frá GDLH
Fulltrúa frá FT
Afgreiðsla: Samþykkt.
5. Staða gæðingakeppninnar – bréf frá Sigurbirni Bárðarsyni



Bréfitari lýsir yfir áhyggjum af stöðu gæðingakeppninnar, þátttaka keppenda hefur farið minnkandi og útbreiðslan ekki náðst til almennra keppenda ásamt því að dagskrá Landsmóts virðist stefna í sama keppnisfyrirkomulag og HM. Hann hvetur LH og GDLH að grípa í taumana, til dæmis með því að boða hóp velunnara gæðingakeppninnar til fundar um leiðir og úrlausnir.
Afgreiðsla: Til er starfshópur um framtíð gæðingakeppninnar sem hittist í vor. Bréfið er gott innleg í hóp um mótahald í heild sinni. Senda bréfið á báða hópana.

6. Beiðni um styrk til að halda fyrirlestur fyrir knapa Meistaradeildar ungmenna
Meistaradeild Ungmenna (MDU) er deild í hestaíþróttum ungmenni sem keppa í ungmennaflokki á hverju keppnisári (aldursár 18-21). Keppnisárið 2022 er þriðja árið sem deildin mun fara fram og hafa 8 lið skráð sig til leiks eða 32 keppendur (4 knapar í hverju liði). Fyrirhugað er að Anton Páll Níelsson verði með fyrirlestur fyrir ungmennin 32 í Inólfshvoli fimmtudaginn 9.des. Óskað er eftir fræðslustyrk að fjárhæð 100.000 kr.
Afgreiðsla: Samþykkt að veita Meistaradeild styrk til halda fyrirlestur, að hámarki 100.000 kr.
7. Ferðakostnaður dómara – reglur um úthlutun styrkja
Auglýst verði eftir umsóknum um styrk til að mæta kostnaði mótshaldara við ferðir og dvöl dómara á mótum ársins 2021. Umsókn þarf að fylgja fjárhagslegt uppgjör hvers móts þar sem ferðakostnaður dómara er skilgreindur sérstaklega ásamt kvittunum fyrir greiðslum. Umsóknir verða teknar til úrvinnslu af gjaldkera og framkvæmdstjóra LH. Við ákvörðun úthlutunar verður tekið tilliti til umfangs, fjölda og heildarupphæð umsókna. Umsóknarfrestur er 15. desember 2021.
Afgreiðsla: Samþykkt.
8. Samningar við þjálfara LH
Samningar við U21-landsliðsþjálfara og yfirþjálfara hæfileikamótunar kynntir.
Afgreiðsla: Samþykkt.
9. Nefndakvöld LH
Rætt var um fyrirkomulag og tímasetningu á nefndakvöldi LH.
Afgreiðsla: Samþykkt að boða til fundar með stjórn 2-3 nefndir á kvöldi, stjórnarmenn skipti með sér að funda með nefndunum í janúar. Skrifstofa setur upp fundaplan og leggur fyrir stjórn.
10. Formannafundur ÍSÍ
Formannafundur ÍSÍ verður haldinn 8. desember í fjarfundi. Hann verður í styttra lagi í ljósi þess hve stutt er liðið frá íþróttapingi og nokkrum lögbundnum dagskrárlíðum verður sleppt.
Afgreiðsla: Formanni og framkvæmdastjóra falið að sitja fundinn.
11. Önnur mál
Rætt um að skýra þurfi verkferla þegar í mótskýrslu eru tilgreind brot á keppnisreglum. Keppnisnefnd og aganefnd falið til að búa til verkferla í þessum málum.

Fundi slitið kl. 17.45